

Lögreglustjórafélag Íslands

Velferðanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Akureyri 18. febrúar 2022

Efni: Umsögn Lögreglustjórafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta) – Þingskjal 24 – 24. mál. 152. löggjafarþing 2021-2022.

Lögreglustjórafélagi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp þar sem markmiðið er að breyta lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og gera vörslu á neysluskömmtum fíkniefna og lyfseðilsskyldra lyfja refsilausa.

Lögreglustjórafélag Íslands getur ekki stutt frumvarpið og telur skorta verulega á undirbúning málsins enda stefnubreyting í fíkniefnamálum á Íslandi þar sem bannregla er meginregla laganna og varsla og meðferð ávana- og fíkniefna er óheimil á íslensku forráðasvæði. Forvarnarstarf hefur ekki verið aukið eða meðferðarúrræðum fjölgað sem ætti að vera forsenda slíkrar stefnubreytingar. Vandséð er ennfremur hvernig eigi að verja börn og ungmenni á sama tíma og afgangslæpavæða eigi neysluskammta.

Forvarnir og undirbúningur fyrir stefnubreytingu

Með stefnubreytingu sem þessari hefði verið nauðsynlegt að mati lögreglustjórafélagsins að leggjast í vandaðan undirbúning, markvissar forvarnir og fræðslu auk þess sem fjölga þyrfti meðferðarúrræðum. Verði refsilaust að varsla fíkniefni má búast við að neytendum fjölgi töluvert og neysla verði almennari en hún er. Flest allt fólk fer að lögum og bann við fíkniefnaneyslu á íslensku forráðasvæði heldur mörgum frá því að nota fíkniefni. Verði frumvarpið að lögum verður ekkert aðhald með neyslu fíkniefna og hætta á að fleiri prófa og ánetjast efnum með alvarlegum afleiðingum fyrir marga. Þá þyrfti að mati félagsins að liggja fyrir þekking á þeim hópi fólks sem neytir fíkniefna. Hópurinn er ekki einsleitur og aðeins lítt hluti neytenda lítur á sig sem sjúklinga. Að mati félagsins þyrfti að skoða hvort ekki sé eðlilegra að gera neysluskammta sjúklinga refsilausa þ.e. þeirra sem eru orðnir sjúkir af fíkniefnaneyslu. Frumvarpið virðist vera samið utan um þann hóp og vísað til þess að veita eigi þeim sem eiga við fíknivanda að stríða viðeigandi heilbrigðisþjónustu líkt og segir í greinargerð með frumvarpinu. Stór hópur neytenda lítur ekki á sig sem sjúklinga eða telur sig ekki eiga við fíknivanda að stríða og leitar sér ekki aðstoðar. Skilningur er á því að leggja til skaðaminnkandi úrræði fyrir sjúka fíkniefnaneytendur en það getur ekki gilt um alla neytendur. Ungmenni sem eru að fíka við neyslu og svokallaðir frístundaneytendur þurfa sannarlega á því aðhaldi að halda að bannregla fíkniefnalaganna gildi áfram. Þá þykir félaginu athyglisvert að í engu er fjallað um skaðsemi fíkniefna í greinargerð með frumvarpinu eða þær fjölmörgu rannsóknir sem sýna fram á auknar líkur á geðsjúkdómum við neyslu fíkniefna. Félagið varar við því að refsileysi neysluskammta gildi almennt um alla neyslu.

Skýrleiki refsheimilda

Með frumvarpinu er lagt til að hugtakið *varsla* fíkniefna verði fellt úr 2. gr. laganna og verði varsla þannig heimil á íslensku forráðasvæði. Að mati félagsins er grundvallaratriði að hugtakið falli ekki úr lögum enda útilokað að öðrum kosti að fá menn dæmda fyrir vörslur á miklu magni af fíkniefnum sem eru umfram neysluskammt. Þá þykir viðbót sem frumvarpið leggur til að þróun verði aftan við 4. mgr. 2. gr. um að það sama gildi um vörslu efna þegar magn er umfram neysluskammt ekki duga til að tryggja það. Krafan um skýrleika refsheimilda gerir þær kröfur að hugtakið standi skýrt í 2. gr. og sé hluti af bannreglu laganna. Af sama meði er athugasemd félagsins er varðar ákvæði frumvarpsins um að ákveða eigi með reglugerð hvaða magn er refsilaust að varsla en lagt er til að miðað verði við 10 daga neysluskammt. Neysla manna er afar ólík eftir einstaklingum og því er viðmið sem þetta

Lögreglustjórafélag Íslands

ónothæft. Í samræmi við regluna um skýrleika refsheimilda þyrfti að taka fram í lögum nákvæmlega hvaða magn væri refsilaust að varsla. Félagið bendir á að enginn greinarmunur er gerður á fíkniefnum með frumvarpinu sem þykir varhugavert og afar stórt skref að taka án nokkurs undirbúnings. Þá er lagt til með frumvarpinu að refsileygi gildi líka um lyfseðlisskyld lyf sem ávísað er til ákveðinna einstaklinga á læknisfræðilegum forsendum. Alvarlegar athugasemdir eru gerðar við þetta enda ljóst að lyfseðlisskyld lyf eru varasöm og valda fjölmörgum dauðsföllum á ári um allan heim eins og þekkt er. Varhugavert er að falla frá þeirri grundvallarreglu að þeir einir neyti lyfseðlisskyldra lyfja sem fá þau ávísuð á sitt nafn af lækni.

Upptaka og börn

Lagt er til í frumvarpinu að upptaka efna fari ekki fram hjá einstaklingum yfir 18 ára aldri. Athygli vekur að áfengiskaupaaldur á Íslandi er 20 ár og óeðlilegt að annar aldur eigi að gilda í fíkniefnalöggjöfni. Grundvallaratriði er að hægt verði að stöðva neyslu og gera efni upptæk þrátt fyrir að refsileygi neysluskammta verði að veruleika. Upptaka á alltaf að gilda enda í grunninn verða efnin áfram óheimil á íslensku yfirráðasvæði. Þá er alvarleg athugasemd gerð við það að varsla barna á neysluskömmtum skuli heimiluð. Enginn greinarmunur er gerður á börnum eða fullorðnum í frumvarpinu sem gengur alls ekki upp með tilliti til þeirra verndar sem fjölmörg lög veita börnum og ungmennum í íslenskum lögum. Í greinargerð með frumvarpinu segir að í sumum tilvikum kunni að vera rétt fyrir lögreglu að grípa inn í neyslu ólögráða barns með það að markmiði að vernda barnið fyrir skaðlegum áhrifum fíkniefnaneyslu og þá geti slíkt inngrip aðeins komið til af þeirri ástæðu að það sé barninu fyrir bestu. Útilokað er að þetta geti gilt í íslenskum rétti og sýnir hversu illa undirbúið frumvarpið er.

Niðurlag

Lögreglustjórafélag Íslands telur einsýnt að fíkniefnaneysla barna og ungmenna muni aukast og viðhorf þeirra til vímuefna verði jákvæðara verði frumvarpið að lögum. Félagið bendir á að á Íslandi er ekki rekin hörð refsistefna í málaflokknum og eru minniháttar mál leyst með greiðslu sekta. Þeir sem hagnast mest á breytingum með frumvarpinu eru framleiðendur fíkniefna og fíkniefnasalar. Þeir munu sem fyrr nýta allra leiða til frekari athafna verði frumvarp þetta að lögum.

Lögreglustjórafélag Íslands getur ekki stutt frumvarpið.

Fyrir hönd Lögreglustjórafélags Íslands,

Páley Borgþórsdóttir, formaður.